

Nr. 1233

10. desember 2014

## AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá nr. 1215/2011 fyrir hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 13.600
-----------------	------------

Skráningargjald eftir útrunninn frest	kr. 17.000
---------------------------------------	------------

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

Bráðabirgðaskráning	kr. 6.800
---------------------	-----------

2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 12.600
-------------	------------

3. gr.

Auglýsing þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Garðabæ, 10. desember 2014.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2015